

Nd.

292. Frumvarp til laga

[95. mál]

um breyting á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 288 með þessum breytingum:

24. gr. hljóðar svo:

Til þess tíma, er 23. gr. segir, skal III. kafli laga nr. 104 30. des. 1943, um sjúkratryggingar, vera í gildi með þeim breytingum, er hér greinir:

1. Ríkisstjórnin getur að fengnum tillögum tryggingaráðs ákveðið, að sjúkrasamlög, sem starfa í sama tryggingaumdæmi, skulu sameinuð, enda séu stjórnir a. m. k. $\frac{2}{3}$ hluta sjúkrasamlaganna því samþykkar. Nú sameinast öll samlög innan sama umdæmis, og skal þá sýslunefnd kjósa fjóra menn í stjórn samlagsins.
2. Ríkisstjórnin getur, ef tryggingaráð gerir tillögur þar um, ákveðið, að greiðslur sjúkrasamlaga fyrir lyf, önnur en þau, er lífsnauðsynleg teljast til notkunar að staðaldri, og umbúðir utan sjúkrahúsa, samkv. 2. tölul. 33. gr. 1. 104/1943, skuli takmarkaðar frekar en þar er gert.
3. Þegar maður, 67 ára eða eldri, þarfnast sjúkrahúss- eða hælsvistar umfram þær 5 vikur, er sjúkrasamlagi hans ber að greiða samkv. síðari málslið fyrstu málsgr. 38. gr. laga nr. 104 frá 1943, vegna ellikramar eða annarra slíkra sjúkdóma, skal Tryggingastofnun ríkisins þann tíma, er hann þarfnast hjálparinnar, greiða ríkisframsærslunni ellilífeyri þann, er hlutaðeigandi á rétt til, ásamt álagi, sem úrskurðað kann að vera samkv. 16. gr., ef ákvæði ríkisframsærslulaga nr. 78/1936 verða látin taka til langvarandi ellisjúkdóma á sama hátt og þau taka nú til annarra langvarandi sjúkdóma.
4. Ákvæði 2. mgr. 39. gr. taka ekki til þeirra, sem samkvæmt milliríkjasamningum öðlast rétt til sjúkrahjálpar í öðru landi vegna dvalar þar, að því er varðar þá sjúkrahjálpar, sem samningarnir fjalla um.
5. Hámark framlags ríkissjóðs og sveitarsjóðs samkv. 47. gr. laga nr. 104/1943 skal vera 78 krónur á ári að viðbætti verðlagsuppbót samkv. vísitölu þeirri, sem uppbætur á laun, er ekki fara fram úr kr. 1830.00 á mánuði, miðast við.
6. Tryggingastofnun ríkisins skal greiða sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem þess óska og eigi hafa hærri tekjur en svo, að þær ásamt lífeyri frá Tryggingastofnuninni eða eftirlaunum úr opinberum sjóði nemi þrefaldri lífeyrisupphæð samkv. 15. gr. laganna.

Bráðabirgðaákvæði hljóðar svo:

Nú ákveður Alþingi að ganga að einhverju leyti til móts við óskir opinberra starfsmanna um, að laun þeirra verði hækkuð til samræmingar við launahækkunar, sem aðrar stéttir þjóðfélagsins hafa fengið á undanförunum árum, og er þá ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að greiða skuli uppbætur á ellilaun og örorkulífeyri, samkvæmt 5. gr. 1. t. a. og b., fyrir árið 1955 til samræmis við þær launabætur, sem embættismenn þannig kunna að fá.

Jafnframt skulu þá hækka framlög ríkissjóðs og sveitarsjóða og iðgjöld atvinnurekenda og hinna tryggðu samkvæmt 27. gr. hlutfallslega jafnt, þannig, að hækkunin jafngildi útgjaldaaukningunni.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að hliðstæðar uppbætur verði greiddar á elli- og örorkulífeyri fyrir árið 1954, og greiðir þá ríkissjóður $\frac{1}{3}$ hluta þeirrar útgjaldaaukningar, en $\frac{2}{3}$ hluta greiði Tryggingastofnunin.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, að fengnum tillögum tryggingaráðs.